

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna árið 1936.

Lög um þingskóp Alþingis, undirskrifuð af konungi 19. nóvember 1936 (nr. 115).

Bráðabirgðalög um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki, undirskrifuð af konungi 21. desember 1936 (nr. 116).

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, undirskrifuð af konungi 30. desember 1936 (nr. 117).

Bráðabirgðalög um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hruna-mannahreppi, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 118).

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 115 í Suður-Múlasýslu, um skilning á 65. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935. 28. nóv.

Ráðuneytið hefir mótttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 29. júní þ. á., ásamt erindi oddvita Fáskrúðsfjarðarhrepps, dags. 30. maí þ. á., þar sem hann áfrýjar til ráðuneytisins úrskurði yðar, dags. 2. s. m., sem ákveður að Fáskrúðsfjarðarhreppur skuli annast framfærslu Valdemars Lúðvikssonar, sem nú er til heimilis í Búðahreppi.

Í úrskurðinum er tekið fram, að Valdemar hafi flutzt í Búðahrepp árið 1929 og hafi honum fyrst verið veittur þar fátækrastryrkur á árinu 1930. Árið eftir var Valdemar enn veittur fátækrastryrkur, sem var endurgreiddur af Fáskrúðsfjarðarhreppi, svo sem lög stóðu til. Með bréfi dags. 11. apríl 1931 krafðist oddviti Búðarhrepps fátækraflutnings á Valdemar, en af fátækraflutningi varð þó ekki. Síðan hefir hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps séð um framfærslu styrkþegans að öllu leyti án milligöngu hreppsnefndar Búðarhrepps þangað til 1. janúar 1936, er nýju framfærslulögin gengu í gildi.

Úrskurður yðar er á því byggður að dvöl styrkþegans í Búðahreppi frá 1931 hafi beinlínis byggzt á ráðstöfun hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps og beri því Fáskrúðsfjarðarhreppi, samkvæmt 65. gr. framfærslulaganna nr. 135 1935 að annast framfærsluna á meðan styrkþeginn þurfi á óslitnu sveitarframfæri að halda.

Í 1. mgr. 12. gr. framfærslulaganna er svo ákveðið, að sérhver islenskur ríkisborgari eldri en 16 ára skuli eiga framfærslurétt í heimilissveit sinni, ennfremur er svo ákveðið í 13. gr. að ef maður flyzt milli sveita þá skuli hann eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar hann hefir tekið sér þar fast aðsetur og að þetta eigi jafnt við um þá, sem framfærslustyrks hafa notið, þótt eigi sé endurgreiddur og aðra.

Hér kemur skýrt fram sú aðalregla framfærslulaganna að styrkþegi skuli framfærast af heimilissveit sinni.

115 Í 2. mgr. 77. gr. framfærslulaganna er gerð sú undantekning frá ofan-
28. nóv. greindri aðalreglu, að um styrkþega sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn áður en lögin öðlast gildi, skuli fara sem segir í 65. gr. laganna, en þar er svo ákveðið, að ef framfærslunefnd eða hreppsnefnd hefir ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, þá beri þeirri sveit sem ráðstafaði dvöl hans, að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda.

Þetta undantekningarákveði ber að skýra þröngt með því að það kemur í bág við þann aðaltilgang laganna að fella niður hinar erfiðu greiðslur milli sveitarfélaga vegna fátækraframfærissins.

Ennfremur má benda á það í þessu sambandi að fátækraflutningur hefir verið úr lögum numinn með hinum nýju framfærslulögum og eru sveitarfélögin þar með svipt að verulegu leyti möguleikum til þess, að hafa áhrif á styrkveitingar til styrkþega sinna, sem dvelja utan sveitar.

Eins og að framan getur er svo til orða tekið í 65. gr. laganna, að hreppsnefnd hafi ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit. Ráðuneytið verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að þetta orðalag eigi aðeins við þegar sveitarstjórn hefir beinlínis komið styrkþurfa fyrir til dvalar í öðru sveitarfélagi.

Í máli því sem hér um ræðir, er það upplýst, að styrkþeginn Valdemar Lúðvíksson hefir verið heimilisfastur í Búðahreppi frá því á árinu 1929 og ekkert liggur fyrir um það, að hann hafi flutt úr Fáskrúðsfjarðarhreppi inn í Búðahrepp að tilhlutun hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps, og þá að hreppsnefndin hafi styrkt hann beint án milligöngu hreppsnefndar Búðarhrepps, frá því að krafa um fátækraflutning kom fram á árinu 1931, þá verður ekki álitnið að undantekningarákveði 65. gr. framfærslulaganna verði beitt.

Samkvæmt þessu verður að fella úrskurð yðar úr gildi og skylda Búðahrepp til þess að annast framfærslu Valdemars Lúðvíkssonar.

Því úrskurðast:

Valdemar Lúðvíksson skal eiga framfærslurétt í Búðahreppi frá 1. janúar 1936 að telja.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefndum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.

116 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins**
28. nóv. **í Suður-Múlasýslu, um skilning á 65. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Ráðuneytið hefir mótttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 2. maí þ. á., ásamt bréfi oddvita Fáskrúðsfjarðarhrepps, dags. 14. apríl þ. á., þar sem hann áfrýjar til ráðuneytisins úrskurði yðar, dags. 14. marz 1936, sem ákveður að Þórormur Stefánsson skuli framferast að öllu leyti af Fáskrúðsfjarðarhreppi á meðan hann þurfi á óslitnu sveitarframlagi að halda.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði er það upplýst í máli þessu,